

Nd.

71. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 69 7. maí 1928, um einkasölu á áfengi.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson.

9. gr. laganna orðist svo:

Verzlunin skal jafnan hafa forða af áfengi og vínanda í Reykjavík. Annast einkasalan sjálf útsölu vínanna í Reykjavík og ræður starfsmenn hennar samkvæmt launalögum. Einkasalan skal bjóða út söluumboð á áfengi gegn allt að 5% sölulaunum í Hafnarfirði og allt að 7½% sölulaunum á öðrum stöðum utan Reykjavíkur, þar sem áfengissala fer fram, og fela þeim umboðið, sem að efnalegum ástæðum og öðrum er hæfastur til þess að taka það að sér. Ef enginn gerir tilboð í söluumboðið á einhverjum stað, skal ráðinn sérstakur maður með allt að 6000 kr. árslaunum til þess að annast áfengissölu þar. Einkasalan sendir á sinn kostnað áfengið til Hafnarfjarðar og á höfn í öðrum kaupstöðum, en umboðshafi annist á sinn kostnað flutning úr skipi.

G r e i n a r g e r ð.

Um ástæður fyrir frumvarpi þessu vísast til álits millipingan. í launamálum. Felldar eru inn í frv. breytingartill. nefndar þeirrar, er þetta mál hafði til athugunar á síðastliðnu þingi. (Pskj. 814 1935).